

7. gr.

Ákvæði VIII. kafla laga um hlutafélög, nr. 77 frá 27. júní 1921, um refsingar o. fl. skulu gilda um brot gegn lögum þessum, eftir því sem við á.

8. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari fyriræli um framkvæmd laga þessara.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. maí 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Hannibal Valdimarsson.

L Ö G

um breyting á skipulagslögum, nr. 19 1964.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 31. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Innan skipulagsskyldra staða getur sveitarstjórn, að fengnu samþykki skipulagsstjórnar, bannað efnistöku, grjótnám eða annan verulegan tilflutning eða brott nám jarðarefna, ef líklegt má telja, að það valdi röskun lands, sem leitt getur af sér uppblástur eða valdið verulegum erfiðleikum við framkvæmd skipulags, sem þegar hefur verið ákveðið, eða við væntanlega gerð skipulagsuppdráttu af svæðinu og framkvæmd síðar. Sömuleiðis getur sveitarstjórn með samþykki skipulagsstjórnar sett það skilyrði fyrir því að falla frá slíku banni, að landssvæði það, sem efni er tekið úr, verði að framkvæmdum loknum lagfært eftir ákvörðun sveitarstjórnar, og krafizt hæfilegra trygginga fyrir efndum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. maí 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Hannibal Valdimarsson.